

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s., að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðahrepps, Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976
um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.**

1. gr.

1. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla sjúklinga, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.